Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Maskin-Rens**

Vörunúmer: **60140201** **27 L**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Lágfreyðandi olíuhreinsiefni.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Knud E. Dan A/S
Lunikvej 40, Greve
DK-2670, Danmörk
00-45-43692422
lbj@knudedan.dk
www.knudedan.dk

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki

Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.

Reglugerð 300/2014: Hreinsiefni: <5% tvívirk yfirborðsvirk efni - ójónuð yfirborðsvirk efni - fosfónöt.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Varan inniheldur enga endókrínblokkara, skv. viðmiðum í reglugerðum ES nr. 2017/2100 eða 2018/605.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

2-amínóetanól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486455-28-xxxx	**Innihald %**	**1 - 3**
Raðnúmer	603-030-00-8	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	205-483-3	**H-setningar**	-
CAS	141-43-5	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - **H302**, Bráð eit.4 - **H312**, Húðæt.1B - **H314**, Bráð eit.4 - **H332**, SEM-VES 3 - **H335**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð: Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað.
Leitið læknis, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða.
Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan.
Veitið öndunaraðstoð, stöðvist öndun. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið ekki leysiefni eða þynna.
Leitið læknis við húðertingu.

Snerting við augu Skolið strax með miklu vatni (20°-30°C) í a.m.k. 5 mín. eða þar til erting hverfur, og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið strax læknis.
Haldið áfram skolun á leið.

Inntaka Leitið strax læknis við vanlíðan, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Framkallið EKKI uppköst nema að læknisráði. Gefið mikið vatn að drekka. Kasti hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Varan inniheldur efni sem geta valdið ertingu í augum og húð og við innöndun.
Áverkun ertandi efna getur einnig valdið minnkuðu þoli gagnvart sýkingum og næmingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið læknis sé augnerting viðvarandi. Sýnið öryggisblaðið.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast hættuleg niðurbrotsefni, t.d. kolefnisoxíð og málmoxíð.
Einnig myndast þéttur reykur. Niðurbrotsefni geta reynst skaðleg heilsu. Slökkvilið ætti að nota viðeigandi hlífðarbúnað. Kælið lokaðar umbúðir með vatnsúða.
Helstu niðurbrotsefni: Nituroxíð (NOx), kolefnisoxíð, málmoxíð.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Beitið einungis vatni sem úða við slökkvistörf.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.
Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 5 og 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand, jarðveg, sag eða kísilgúr.
Setjið í þar til gerð, vandlega lokuð og merkt ílát og fargið sbr. 13.lið.
Hreinsið mengað svæði með hreinsiefnum. Forðist notkun leysiefna.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, vel loftræstum stað.
Æskilegt geymsluhitastig: 5°-25°C.
Ósamrýmanleg efni: Sterkar sýrur og basar, sterkir oxarar/afoxarar.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Athugasemdir
2-Amínóetanól	1	2,5	3	7,6	Getur ísogast um húð

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.
Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.
Notið eingöngu CE merktan búnað.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn, (EN166).

Húð - hendur Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska úr nítríl- eða bútýlgúmmíi (EN374-2 / 374-3, EN388)
(Nítrílgúmmí: 0,2mm >240 mín gegnstreymistími, Bútýlgúmmí: 0,3 mm, >480 mín)

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með viðeigandi fjölsíu af gerð A1B1E1K1 brúnn/grár/gulur/grænn (EN14387).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Vökvi

Lykt: Einkennandi

Litur:	Tær, litlaus
pH:	11,3
Suðumark:	100°C
Eðlismassi:	1,074 g/cm3
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt.

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkar sýrur, sterkir basar, sterkir oxarar/afoxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast hættuleg niðurbrotsefni, t.d. Nituroxíð, kolefnisoxíð og málmoxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

2-Amínóetanól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	1720	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	1025	mg/kg	kanína	

Húðerting/æting	Veldur ertingu í húð.
Alvarlegur augnskaði	Veldur alvarlegum augnskaða.
Næming öndunarfæra	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun við æxlun	
	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eitrun æxlunarfæra:	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eiturhrif á líffæri (eitt skipti)	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eiturhrif á líffæri (endurtekin)	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Ásvelgingarhætta:	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Langvinn eiturhrif: Erting: Varan inniheldur efni sem geta valdið ertingu í augum og húð og við innöndun.
Áverkun ertandi efna getur einnig valdið minnkuðu þoli gagnvart sýkingum og næmingu.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

2-Amínóetanól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	329 mg/L	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	65 mg/L	100 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC_{50}	15 mg/L	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		99%			TG 301E 70%
Uppsöfnun í lífverum	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi				
Dreifanleiki í jarðvegi	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi				
PBT/vPvB	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Skv. reglugerð nr.1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem:
07 06 99 (úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Útgáfa/Dags: 3/ 16.03.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***KNUD E. DAN A/S***
SAFETY DATA SHEET According to EC-Regulation 1907/2006 (REACH)
MASKIN-RENS
Útgáfa: *12.07.2022 / Útgáfa 1.0*